

Að kynnast tré

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Að kynnast og upplifa umhverfið eins og blindur. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Að nemandinn skilji mikilvægi sjónarinnar og skynfæranna við að lesa og greina umhverfi sitt og samsömun við náttúruna á nýjan hátt.

Námsgreinar: Náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni. Allir aldurshópar.



VERKLÝSING

Þátttakendur kynnast ákveðnu tré með bundið fyrir augu og eiga síðan að þekkja það aftur þegar bandið hefur verið tekið frá.

Ræða þarf við nemendur um mikilvægi skynfæra okkar í daglegum athöfnum.

Byrja þarf á að para nemendur saman, tvo og tvo. Velja stað í skóginum þar sem gott pláss er á milli trjáa eða notalegan trjálund. Nemendur fá þá lýsingu að þeir eigi að leiða hver annan að ákveðnu tré (annar með bundið fyrir augun) og kynnast trénu nógu vel til að nemandi þekki það aftur af eigin raun. Sá sem leiðir fer með þann blindaða aftur á byrjunarstað og þaðan á hann að reyna að finna tréð sitt aftur, án þess að vera með bundið fyrir augun. Mikilvægt er að brýna fyrir þátttakendum að nýta sér öll önnur skynfæri; snertingu, heyrn, lykt og bragð.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Ræða við nemendur um skynfærin og mikilvægi sjónarinnar. Kanna hvaða skynfæri taka við þegar við höfum ekki sjónina til að treysta á.

Treflar eða klútar fyrir helming þátttakenda.

Sjá nánar í bókinni *Sharing nature with children*. Bls. 28. - Joseph Cornell, 1998.